

Alþingi
Erindi nr. P 143/1534
komudagur 8.4.2014

Gauti Kristmannsson, dr. phil.
Prófessor í þýðingafræði
Langholtsvegi 87
104 Reykjavík

8. apríl, 2014

Til hins háa Alþingis
150 Reykjavík

Umsögn um þingsályktunartillögur Alþingis, mál 340, 344 og 352.

Landsmenn hafa verið beðnir um að senda umsagnir um þingsályktunartillögur sem varða framhald viðræðna um aðild að Evrópusambandinu. Ég tek strax fram að ég tel hina fyrstu sem fengið hefur númerið 340 og snýst um að slíta viðræðum við Evrópusambandið vera andstæða hagsmunum þjóðarinnar. Það er engin nauðsyn sem knýr á um að taka það skref og tillagan virðist vera sett fram í bráðræði og af vanhugsun. Það er fjölmargt sem kallar á að Íslendingar fái svör við spurningum um gjaldeyrismál, sjávarútveg og landbúnað, en þar sem sérþekking mín snýr að málstefnu og þýðingu hennar fyrir sjálfsmynd og sjálfstæði þjóða hyggst ég einbeita mér að þeim þætti.

Ég hef um árabil rannsakað og skrifað um áhrif þjóðtungna á þróun og myndun þjóðríkja í Evrópu og víðar og mér er óhætt að fullyrða að sá þáttur sem skipt hefur sköpum í þjóðarvitund Íslendinga og réttlætingu þeirra fyrir því að kalla sig þjóð meðal þjóða er tunga okkar og bókmennung. Þar hefur hallað undan fæti á síðustu árum og fullyrða má að stjórnvöld hafi sofið af sér ýmsar af þeim stórfelldu breytingum sem orðið hafa á umhverfi okkar og snerta tungumálið beinlínis. Tölvu- og netvæðingin hefur sett það á mikla hreyfingu og einnig grafið undan móðurmálskunnáttu yngri kynslóða. Þetta sést m.a. á lestrarkunnáttunni sem, eins og kunnugt er, fer mjög hrakandi vegna þess að ungir Íslendingar lifa og hrærast í tveimur tungumálaheimum og það þykir mörgum leikmönnum bara gott, líkt og bankamönnum fyrir hrun sem kröfðust þess í fullkominni fáfræði að Íslendingar yrðu tvítyngdir.

Ég hef rannsakað málstefnu ESB og m.a. birt um hana ritrýnda grein í *Ritinu*, tímariti Hugvísindastofnunar 3/2011: „Móðurmálshreyfingin og málstefna Evrópusambandsins“. Ljóst má vera að sú virka stefna að styðja við tungur aðildarríkjanna ekki aðeins í orði heldur einnig á borði með ýmsum hætti er til fyrirmyndar og sérstaklega mikilvæg fyrir svo lítið málsvæði eins og Ísland sem ekki virðist hafa bolmagn til að sinna sínum dýrmætasta arfi sem skyldi. Aðild hefði í för með sér að miklu fleiri sæju ástæðu til þess að læra íslensku og sinna erlendis og meiri möguleikar yrðu til að styðja við tungumálið hér innanlands, sem ekki er vanþörf á þar sem íslensk stjórnvöld virðast ekki geta farið eftir eigin opinberri málstefnu sem Íslensk málnefnd hefur sett fram með miklum myndarbrag.

Ég tel því fulla ástæðu til að ljúka aðildarviðræðum við Evrópusambandið og kanna hvaða möguleika við eigum sem þjóð til að þróast og styrkjast í samstarfi við önnur vestræn Evrópuríki, ekki síst til að fá frekari stuðning við þann mikilvægasta þjóðararf sem við eigum, íslenska tungu.

Virðingarfyllst,

